

Selfossi, 2. apríl 2008
0802157

Alþingi - umhverfisnefnd

Kirkjustræti
150 Reykjavík


Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, 374. mál.

Af hálfu Sveitarfélagsins Árborgar eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Ákvæði 42. gr. frumvarpsins hefur verið breytt lítillega frá því að frumvarp til skipulagslaga var lagt fram til kynningar á vorþingi 2007. Þrátt fyrir þá orðalagsbreytingu sem gerð hefur gengur ákvæðið lengra en nógildandi ákvæði 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Þykir, með orðalagi ákvæðisins, vera brotið gegn stjórnarskrárbundnu forræði sveitarfélaga í eigin málum.

Ákvæði 5. mgr. 53. gr. frumvarpsins um heimild Skipulagsstofnunar til að stöðva framkvæmdir er nýmæli og gengur t.d. mun lengra en nógildandi ákvæði 3. mgr. 56. gr. skipulags- og byggingarlaga. Í 6. mgr. 52. gr. frumvarpsins er, líkt og skv. nógildandi lögum, gert ráð fyrir að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úrskurði svo fljótt sem verða má um kröfu sem henni berst um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Vandséð er því að þörf sé á að Skipulagsstofnun verði heimilað að grípa fram fyrir hendur sveitarstjórna með þessum hætti.

Virðingarfyllst,



Asta Stefánsdóttir
Bæjarritari